

Rangárþing ytra
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 26. júlí 2018
UST201806-041/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag – Maríuvellir – Rangárþing ytra


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 4. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi 1,6 ha svæðis úr jörðinni Maríuvöllum.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið nær til íbúðarhúss, bílskúrs og skemmu auk aðkomuvegar. Einnig kemur fram að svæðið er hallalítið, ógróið að mestu og hefur lítið verið nýtt fram að þessu.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu. Á skipulagssvæðinu eru ekki svæði á náttúruminjaskrá og þar eru ekki svæði er njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Agnar B Bragason
Teymisstjóri